

375. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 9. nóvember 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Björn H Hilmarsson
 Júníana Björg Óttarsdóttir
 Auður Kjartansdóttir
 Eiríkur Böðvar Rúnarsson í fjarveru JBJ
 Michael Gluszuk
 Margrét Sif Sævarsdóttir
 Friða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna. Óskaði hann eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 21. lið bréf frá bæjarritara varðandi aukafjárveitingar. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) **Björgunarsveitin Lífsbjörg.**
 Á fundinn mætt Hafrún Ævarsdóttir, Helgi Már Bjarnason, Viðar Hafsteinsson og Vilborg Lilja Stefánsdóttir fyrir hönd björgunarsveitarinnar Lífsbjargar og voru þau boðin velkomin. Tílefnið var að ræða framkvæmdir á þaki björgunarstöðvarinnar Vonar í Rífi, en nú eru komin tilboð í verkið og er Lífsbjörg því að leita leiða til að fjármagna verkið.
 Nokkur umræða skapaðist um næstu skref. Véku þau nú af fundi og var þeim þökkúð koman.
- 2) **Fundargerð 344. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 2. nóvember 2023.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) **Fundargerð velferðarnefndar, dags. 26. september 2023.**
 Bæjarstjórn ítrekar nauðsyn þess að reglur um akstursþjónustu verði tilbúnar sem fyrst og var bæjarstjóra og bæjarritara falið að ræða við Félags- og skólaþjónustuna um það.
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) **Fundargerð rekstrarnefndar Rastar, dags. 27. september 2023.**
 Bæjarstjórn þakkar nefndinni yfirferðina og vísaði henni til fjárhagsáætlunargerðar.
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 5) **Fundargerð rekstrarnefndar Klifs, dags. 12. september 2023.**
 Bæjarstjórn þakkar nefndinni yfirferðina og vísaði henni til fjárhagsáætlunargerðar.
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 6) **Fundargerðir menningarnefndar, dags. 28. september og 18. október 2023.**
 Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
- 7) **Fundargerð 175. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 12. október 2023.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 8) **Fundargerð 176. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 2. nóvember 2023.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 9) **Fundargerðir 16. og 17. fundar framkvæmdeymis Snæfellsbæjar, dags. 3. okt. og 7. nóv. 2023.**
 Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
- 10) **Fundargerð 185. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 9. október 2023.**
 Lagt fram til kynningar.

BAAH
 MK
 AU
 MS
 JBJ
 F
 EB
 Fj


- 11) **Fundargerð 65. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 5. okt. 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 12) **Fundargerð 456. og 457. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 19. september og 19. október 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 13) **Fundargerðir 934., 935. og 936. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. september, 16. október og 27. október 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 14) **Erindi frá Svæðisgarðinum Snæfellsnesi, dags. 16. október 2023, varðandi staðfestan vilja sveitarfélaganna um að taka þátt í áframhaldandi starfi Svæðisgarðsins.**
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að halda áfram með samstarfið um Svæðisgarðinn.
- 15) **Bréf frá Eyglóu, Ingibjörgu Kristínu, Aroni Jóhannesi og Alexöndru Kristjánsbörnum, dags. 6. nóvember 2023, varðandi bifreið með hjólastólaaðgengi.**
Bæjarstjórn þakkar erindið. Þegar einstaklingur kemst á ellilífeyrisaldur þá fellur hann undir lög og reglur um réttindi aldraðra en fellur ekki lengur undir lög og reglur um réttindi fatlaðs fólks. Það er jafnframt þannig að lögbundin akstursþjónusta fyrir aldraða fellur niður um leið og einstaklingurinn flytur á dvalar- og hjúkrunarheimili.
- 16) **Bréf frá Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu, dags. 26. september 2023, varðandi innviði fyrir orkuskipti.**
Lagt fram til kynningar.
- 17) **Bréf frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, dags. 27. september 2023, varðandi aðstoð við útlendinga sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi og eiga ekki rétt á þjónustu á grundvelli 33. gr. laga um útlendinga.**
Lagt fram til kynningar.
- 18) **Bréf frá Römpum upp Íslands, ódags., varðandi umsóknir fyrir árið 2024.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa erindinu í tæknideild Snæfellsbæjar og huga að því hvort ekki væri rétt að taka út aðgengi að stofnunum Snæfellsbæjar og í framhaldinu sækja um fyrir þá staði þar sem þörfin er til staðar fyrir 10. desember.
- 19) **Bréf frá Innviðaráðuneytinu, dags. 29. september 2023, varðandi þjónustustefnu í byggðum og byggðarlögum sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
- 20) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana fyrir árið 2024. Fyrri umræða.**
Bæjarstjórn fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun 2023 og þeim forsendum sem liggja að baki henni. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2024 til nánari vinnslu í bæjarráði og þaðan til seinni umræðu í bæjarstjórn í desember. Bæjarstjórn samþykkti jafnframt að hittast á vinnufundum um fjárhagsáætlun, þriðjudaginn 14. nóvember kl. 12:00 og mánudaginn 20. nóvember, líka kl. 12:00. Bæjarráðsfundur verður 30. nóvember.
- 21) **Bréf frá bæjarritara, dags. 8. nóvember 2023, varðandi aukafjárveitingar á árinu 2023.**
Bæjarstjóri fór yfir málið. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða framlagða tillögu að tilfærslu milli liða í fjárhagsáætlun ársins 2023.
- 22) **Minnispunktur bæjarstjóra:**
- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins.
 - Bæjarstjóri fór yfir sorpmálin.
 - Bæjarstjóri sagði frá fundi um sameiningu sveitarfélaga sem haldinn var í vikunni. Eiríkur Böðvar verður fulltrúi Snæfellsbæjar í vinnuhóp á vegum SSV um kosti og galla sameininga.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "JBO", "BHH", "MS", "ES", and "H".

- d) Bæjarstjóri ræddi starfsmannamál.
- e) Bæjarstjóri ræddi húsnæðismál.
- f) Bæjarstjóri fór yfir vatnstjón í lagnakjallara grunnskólans í Ólafsvík.
- g) Bæjarstjóri fór yfir framkvæmdir við Lýsuhólsskóla.
- h) Búið er að skipa í skólanefnd FSN. Kristinn er fulltrúi Snæfellsbæjar þar.
- i) Bæjarstjóri fór yfir vatnsbólín okkar og að þau séu í nokkuð góðum málum ef fer að gjósa þar sem þau eru öll lokuð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:25


Björn H Hilmarsson


Jónína Björg Óttarsdóttir



Michael Gluszek



Auður Kjartansdóttir


Margrét Sif Sævarsdóttir


Eiríkur Böðvar Rúnarsson


Fríða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari